

Reykjavík, 24. maí 2012.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar) 140. löggjafarþing, þskj. 1151 – 716. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Laganefnd telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. Breyting á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, með síðari breytingum

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir nýju ákvæði til bráðabirgða þar sem sýslumanni er uppálagt að gæta þess af sjálfsdáðum að uppboðsandvirði verði ekki ráðstafað til greiðslu kröfu ef hún er umdeild í ljósi hæstaréttardóma sem gengið hafa um lögmati og endurreikning gengistryggðra lána. Í athugasemdum með frumvarpinu er hins vegar á það bent að bæði Innanríkisráðuneyti og Félag sýslumanna telji slíkt ákvæði óþarft þar sem það leiðir af meginreglum núgildandi nauðungarsölulaga að ekki sé úthlutuð söluandvirði fyrr en ágreiningur um umdeildar kröfur hefur verið leiddur til lykta og að sýslumönnum ber að sjálfsdáðum að kynna sér lagalegan grundvöll nauðungarsölubeiðni áður en að fyrstu fyrirtöku kemur. Laganefnd tekur undir þessi sjónarmið. Fær nefndin ekki séð að ákvæðið breyti neinu um réttarstöðu gerðarþola í þessu ljósi.

2. Breyting á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á reglum laganna um gjafsókn að mælt að nýju fyrir um rétt manna til að fá gjafsókn hafi úrlausn máls verulega almenna þýðingu eða það arði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða einkahagi umsækjanda. Laganefnd fagnar þessari breytingu enda hefur að mati nefndarinnar verulega þrengt að möguleikum manna til að hljóta gjafsókn eftir að sambærilegt ákvæði var fellt úr gildi eins og nánar er lýst í athugasemdum með frumvarpinu. Tekur Laganefnd sérstaklega undir þau sjónarmið að takmarkanir á möguleikum almennings til þess að leita réttar síns fyrir dómstólum samrýmist var þeim hefðum sem almennt hafi þróast í lýðræðisríkjum. Laganefnd telur hins vegar varhugavert í þessu sambandi að mæla sérstaklega fyrir um rétt manna til gjafsóknar vegna dómsmála sem höfðuð verða í kjölfar samstarfs fjármálafyrirtækja, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Að mati nefndarinnar ættu slík mál að falla undir gjafsóknarheimild þá sem mælt er fyrir um í b. lið 7. gr. Er því verulegt hætta á að sú breyting á gjafsóknarreglum sem þar er lögð til missi marks ef löggjafinn telur allt að einu þörf á að setja sérreglur um rétt til gjafsóknar vegna tiltekinna mála sem teljast bæði hafa almenna þýðingu og varða verulega miklu fyrir einkahagi umsækjanda. Ber að líta til þess að í 7. gr. frumvarpsins er eftir sem áður gert ráð fyrir víðtækri heimild ráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar.

Með vísan til framangreinds leggst Laganefnd gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Dóra Sif Tynes, hdl.